

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-15/2018.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Þann 2. mars 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu fyrir vefverslun af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi kveðst hafa sagt upp áskrift að þjónustunni í ágúst 2017 en fái hins vegar enn greiðsluseðla vegna þjónustunnar. Krefst álitsbeiðandi þess að reikningar frá því í september 2017 til mars 2018 verði felldir niður.

### II

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa verið í áskrift að þjónustu fyrir vefverslun sína hjá seljanda en hún hafi sagt upp áskriftinni í ágúst árið 2017. Þrátt fyrir það segir álitsbeiðandi að sér berist enn greiðsluseðlar vegna þjónustunnar. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningar sem seljandi hefur gefið út frá því í september 2017 þar til í mars 2018 verði felldir niður.

Hinn 14. mars 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir nánari útskýringum á því hvers eðlis viðskipti aðila voru, hvaða þjónusta það var sem seljandi veitti og hvort viðskiptin fóru fram í gegnum fyrirtæki álitsbeiðanda eða hvort álitsbeiðandi festi kaup á þjónustunni í eigin nafni. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að kæruneftndin geti lagt mat á það hvort ágreiningur aðila eigi undir valdsvið nefndarinnar.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

### III

## Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson